

**Ed.**

**324. Frumvarp**

til laga um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

**1. gr.**

Stofna skal í Reykjavík almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur. Skal hann veita konum þá kunnáttu, verklega og bóklega, sem telja verður nauðsynlega til þess að geta innt af hendi venjuleg störf á heimilum og stjórn þeirra.

2. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum þriggja manna skólanefndar, er ráðherra skipar. Í nefndinni skulu eiga sæti tvær konur og einn karlmaður.

3. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum skólanefndar, forstöðukonu, og kennslukonur eftir því sem þörf verður fyrir, þó eigi færri en tvær auk forstöðukonu. Leita skal tillagna forstöðukonu um val kennslukvenna. Skal haga kennaravali þannig, að sérfræðingar geti kennt þær námsgreinar, sem ákveðnar eru eða síðar verða ákveðnar við skólann.

4. gr.

Námsgreinar eru bæði verklegar og bóklegar.

A. Verklegar námsgreinar eru þessar:

1. Matreiðsla allskonar, og sé sérstök áherzla lögð á matreiðslu grænmetis, einkum úr innlendum efnum, svo og það, að fullrar hagsýni og nýtni sé ávallt gætt.
2. Framreiðsla matar og drykkjar.
3. Ræsting og þvottur.
4. Saumur og hirðing fatnaðar.
5. Hagkvæm vinnubrögð til hentugarar og smekklegrar heimilishögunar.

B. Bóklegar námsgreinar eru þessar:

1. Efnafræði, sérstaklega efnasambönd fæðunnar.
2. Heilsufræði, einkum hjúkrunarfræði og meðferð ungbarna.
3. Einföld bókfærsla, til þess að geta haft yfirlit yfir efnahag heimilis.

5. gr.

Reisa skal hús handa skólanum í Reykjavík og útbúa hann með nauðsynlegum innanstokksmunum og kennsluáhöldum. Leggur rikissjóður fram  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar, gegn  $\frac{1}{3}$  annarsstaðar að.

Verði það talið hentugra að taka á leigu húsnæði handa skólanum fyrst um sinn, skal það gert, og telst þá innbú og kennsluáhöld til stofnkostnaðar.

Skólinn er rekinn fyrir ríkisfé.

6. gr.

Skólinn starfar 9 mánuði á ári.

7. gr.

Laun forstöðukonu og kennslukvenna skulu vera þau sömu og tilsvareandi laun við gagnfræðaskóla.

8. gr.

Nánari ákvæði um námsefni, námstillögun og annað, sem skólanum varðar, svo sem aldurstakmark, skólagjöld o. fl., getur ráðherra sett eftir tillögum skólanefndar.

## Greinargerð.

Engum getur dulizt nauðsynin á því, að veita konum þá menntun, er sérstaklega þarf til þess að stjórna heimili og leysa heimilisstörfin sem bezt af hendi. Alþingi hefir og sýnt skilning sinn á þessu máli, með því að veita styrk til húsmæðrafræðslu víðsvegar um land. Reykjavík hefir þó hingað til farið mjög varhluta í þessum efnun, þó að hún sé höfuðstaður landsins, flest heimilin þar og þangað leiti flestir, sem afla sér einhverrar sérmenntunar.

Við kvennaskólann í Reykjavík starfar að visu hússtjórnardeild, þar sem fram fer fullkomin tilsögn og æfing í öllu, sem snertir heimilisstjórn og heimilisstörf, en þegar þess er gætt, hve fáum stúlkum deildin getur veitt viðtöku, aðeins 12, og utanbæjarstúlkur ganga fyrir um inntöku, enda heimavistarskóli, sem ekki er eins hentugur fyrir bæjarbúa, er það auðsætt, að sú fræðsla er harla ófullnægjandi með tilliti til fjöldans og þarfar ungra kvenna á námi og æfingu í starfsgreinunum, sem venjulega verða æfistarf þeirra að meira eða minna leyti.

Aðrir landshlutar standa tiltölulega betur að vígi í þessum efnun en Reykjavík. Þannig eru t. d. tveir hússtjórnarskólar á Vesturlandi, tveir á Norðurlandi og einn á Austurlandi. Á Suðurlandi er aftur á móti enginn sérstakur hússtjórnarskóli. Það virðist þó liggja í augum uppi, að langfjölmennasti hluti landsins megi sít verða útundan í þessum efnun. Fyrir því er þetta frv. fram komið.

## Fylgiskjal.

Undirritaðar konur, sem saman voru komnar á fund 19. okt. 1934 til þess að ræða um nauðsyn á stofnun húsmæðraskóla í Reykjavík, skora á ríkisstjórn og Alþingi að veita riflegan styrk til stofnunar almennum húsmæðraskóla og vinnuskóla hér í bænum, og sé styrkur þessi miðaður við framlög ríkissjóðs til héraðsskóla og húsmæðraskóla annarsstaðar á landinu.

Virðingarfyllt.

Reykjavík, 19. október 1934.

Guðrún Pétursdóttir, Skólavörðustíg 11 A. Laufey Vilhjálmsdóttir. Elin Briem Jónsson, Bókhöðustíg 7. Ingibjörg Cl. Þorláksson, Bankastræti 11. Ragnhildur Pétursdóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Soffia Jónsdóttir Claessen. Margrét K. Jónsdóttir, Vesturgötu 17. Halldóra Bjarnadóttir. Anna Ásmundsdóttir. Jónína Jónatansdóttir. Kristín Vídalín Jacobson. Inga L. Lárusdóttir. Helga Sigurðardóttir, Lækjargötu 14. Guðrún Hannesdóttir, Ránargötu 6 A. Kristín A. Thoroddsen, Frikirkjuveg 3.